

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
b/t Rúnar Guðmundsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 16. apríl 2019
UST201903-257/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Svartárbotnar (Gíslaskáli)– fjallasel - Bláskógarbyggð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 26. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir fjallselið Gíslaskála í Svartárbotnum í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram að Gíslaskáli (nr. AF25) sé fjallasel í Svartárbotnum þar sem er gangnamannahús og aðstaða til að taka á móti hestahópum fyrir 45-50 manns. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu þar sem gisting verður fyrir allt að 70 gesti. Heildarbyggingamagn verður allt að 700 m². Svæðið er í dag deiliskipulagt fyrir skála og hesthús og er stærð svæðis um 2 ha.

Svartárbotnar

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) setur fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum og því ekki verið samþykktar.

Umhverfisstofnun vill benda á að Svartárbotnar er á tillögu að framkvæmdaráætlun (B-hluta) og upplýsingar um ofangreint svæði er að finna á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands og á kortasjónni <https://natturuminjaskra.ni.is/>.

Það er mat stofnunarinnar að mikilvægt er að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki, en samkvæmt heimasíðu NÍ er ferðamennska ein helsta ógnin við svæðið. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár hefur verið samþykkt getur það haft áhrif á verndarstöðu svæðisins.

Umhverfisvernd

Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að byggja upp innviði svæðisins og setja umgengisreglur til að tryggja að verndargildi svæðisins rými ekki t.d. með afmörkum bílastæða og hestagerða.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í tillögnum er gert ráð fyrir að umferð ferðamanna á svæðinu sé stýrt til að koma í veg fyrir rask og draga úr ágangi á viðkvæma náttúru á svæðinu og næsta nágrenni.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt tillögu NÍ á verndun Svartárbotna, svæðis sem er tilnefnt af NÍ á B-hluta náttúru-minjaskrár, kemur fram að til að ná fram skilvirkri vernd vatnavistgerða við Svartárbotna þarf að tryggja að jaðarsvæðum þeirra sé ekki raskað í a.m.k.100 m frá þeim.

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun bendir á að tillagan fellur mögulega undir lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis falla undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorðið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.

Umhverfisskýrsla

Að mati Umhverfisstofnunar er umhverfisskýrsla tillögunnar eins og hún er kynnt í lýsingu vera til fyrirmyndar.

Stofnunin telur að í ofangreindri lýsingu sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur